

Magnús Jónsson, bifreiðastjóri

Afhending 2011/64

Magnús Jónsson fæddist 14. desember 1909 á Akureyri. Hann var næstyngstur fjögurra systkina. Magnús bjó stærstan hluta ævi sinnar á Akureyri, en var þó um tíma á vertíð í Vestmannaeyjum. Eftir það hóf hann að keyra vörubíla og keyrði meðal annars fyrir Kaupfélag Eyfirðinga.

Magnús stofnaði, ásamt fleirum, Nýju bílastöðina, sem síðar fékk nafnið Stefnir. Magnús keyrði vörubíla fyrir Stefni í 50 ár, en vann einnig við vegagerð og kom að lagningu fjölda vega víðsvegar um landið.

Árið 1935 giftist Magnús Eufemíu Ólafsdóttur og eignuðust þau tvær dætur.

Afhendingin kom frá Amtsbókasafninu á Akureyri. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
26. febrúar 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>Magnús Jónsson (1909-1992), bifreiðastjóri</b>			<b>2011 / 64</b>
<b>A-Magnús Jónsson</b>			
<b>A-Magnús Jónsson</b>			<b>1941 - 1955</b>
2011 -	A / 1	1	1941- 1955
			Keyrslubók fyrir A 302, eigandi er Magnús Jónsson bifreiðastjór (A 888).
			Er í afhendingu 2011/64 21,5X18 cm.